

Góðan dag.

Á 203. fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar 11.03.2021 var eftirfarandi umsögn samþykkt (dagskrárliður 4) um frumvarp til laga um um stjórnarskipunarlög (kosningaaldur), 188. mál:
Sveitarstjórn Dalabyggðar er ósammála breytingum á kosningaaldri úr 18 árum í 16 ár. Umsögnin byggir á því að eðlilegt sé að sami aldur eigi við um kjörgengi og kosningaaldur. Einnig að rétt sé að kosningaaldur sé sá sami og sjálfræðis- og fjárræðisaldur. Hins vegar mælir sveitarstjórn Dalabyggðar með að um kosningaaldur gildi að kosningaréttur og kjörgengi miðist við almanaksárið sem einstaklingurinn nær 18 ára aldri.

Þessu er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllt,
Kristján Sturluson
Sveitarstjóri Dalabyggðar